



192

Lát opnast augu mín



1. Lát opn - ast aug - u mín, minn ást - vin himn - um á,
 2. Lát opn - ast eyr - u mín, minn ást - ar - fað - ir kær,
 3. Lát opn - ast mun - inn minn svo mál hans, Drott - inn kær,
 4. Lát opn - ast harð - læst hús míns hjart - a, Drott - inn minn,



svo ást - ar - und - ur þín mér auðn - ist skýrt að sjá:
 svo ei - líf orð - in þín ég áv - allt heyr - i skær:
 þitt vald og vís - dóm þinn æ vott - i nær og fjær.
 svo hýsi' eg hjart - ans þar helg - an and - a þinn.



hið frið - a fold - ar - skraut, hinn fagr - a stjarn - a - her
 þíns lög - máls hvell - an hljóm, þín heil - ög boð, ei ströng,
 Veit mér að mikl - a þig á með - an æð - ar slá,
 Lát frið - mál frels - ar - ans þar föst - um bú - stað ná



á lofts - ins ljóm - a - braut og ljóss - ins dýrð hjá þér.
 þíns guð - spjalls ást - ar - óm og engl - a helg - an söng.
 já, leng - ur lát þú mig þig lof - a himn - um á.
 og orð og and - a hans mér æ - tíð bú - a hjá.

5. Lát opnast himins hlið
 þá héðan burt ég fer,
 mitt andlát vertu við
 og veit mér frið hjá þér.
 Þá augun ekkert sjá
 og eyrun heyra' ei meir
 og tungan mæla' ei má,
 þá mitt þú andvarp heyr.